

Hefur þú áhuga á að vinna að spennandi uppbyggingarstarfi á sviði náttúruvísinda á nyrsta svæði landsins?

Rannsóknastöðin Rif leitar að áhugasömum einstaklingi til að sinna fjölbreyttum verkefnum á Melrakkaslétu og Raufarhöfn árið 2020. Starfið er tímabundið en bæði starfstími og starfshlutfall er sveigjanlegt. Æskilegt er þó að viðkomandi geti starfað a.m.k. yfir sumarmánuðina. Sú eða sá sem ræðst til starfsins mun vinna með forstöðumanni og starfsstöðin er á Raufarhöfn.

Helstu verkefni

Móttaka, utanumhald og aðstoð við vísindafólk á vegum Rifs // Vinna við ýmis verkefni á sviði náttúrufarsvöktunar á Melrakkaslétu // Kynningarmál og samskipti við samstarfsaðila og heimafólk // Önnur verkefni á vegum Rifs, eftir aðstæðum

Almennar hæfniskröfur

Góð almenn tölvukunnátta og reynsla af upplýsingamiðlun // Góð íslensku- og enskukunnátta bæði í ræðu og riti // Sjálfstæði, frumkvæði og sveigjanleiki í vinnu // Lipurð í mannlegum samskiptum // Ökuréttindi

Engar menntunarkröfur eru gerðar en menntun á sviði náttúru- og umhverfisvísinda gæti nýst vel í starfi. Reynsla af tengdum störfum gæti einnig nýst, s.s. á sviði vísinda, þjónustu og verkefnastjórnunar eða verkleg reynsla af ýmsu tagi. Þá er þekking og áhugi á svæðinu stór kostur.



Rannsóknastöðin
RIF

Rannsóknastöðin Rif á Raufarhöfn var stofnuð árið 2014. Hún vinnur að uppbyggingu og eflingu rannsókna og vöktunar á Melrakkaslétu og tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi um rannsóknir á norðurslóðum. Nánari upplýsingar um starfsemi Rifs má finna á www.rifresearch.is og @Rifresearch á facebook og instagram.

Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl 2020

Umsækjendur skulu skila umsókn ásamt ferilskrá á netfangið rif@rifresearch.is

Allar frekari upplýsingar veita:
Hrönn G. Guðmundsdóttir, forstöðumaður hronn@rifresearch.is // 856 9500
Porkell Lindberg Þórarinnsson, stjórnarformaður lindi@nna.is // 865 0510